



Skýrsla

Frumathugun á framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar Orkufjarskipta hf. innan samstæðu Landsvirkjunar

(Málsnúmer: 2022100032)

Ágúst 2023



EFNISYFIRLIT

	Bls.
1 Inngangur	3
2 Orkufjarskipti	3
3 Hlutverk FST, markmið fjarskiptalaga og tilhögun eftirlits	4
4 Framkvæmd frumathugunar / Málsmeðferð	5
4.1 Almennt	5
4.1.1 Bréf FST til OF þann 14. október 2022.	5
4.1.2 Svar OF til FST þann 14. nóvember 2022	6
4.1.3 Bréf FST til OF þann 30. nóvember 2022	7
4.1.4 Svar OF þann 5. janúar 2023	9
4.1.5 Tölvupóstur til OF þann 31. janúar 2023.....	10
4.1.6 Svar OF þann 23. febrúar 2023	11
5 Samningur um fjarskiptaþjónustu Landsvirkjunar og Landsnets við OF.....	12
5.1 Samningur um fjarskiptaþjónustu	12
5.2 Fylgiskjöl með samningi um fjarskiptaþjónustu	16
6 Lánasamningur milli Landsvirkjunar og Landsnets við OF	18
6.1 Lánssamningur dags. þann [...].....	18
6.2 Lánssamningur dags. þann [...].....	21
6.2.1 Fylgiskjal I – Ádráttarbeiðni.....	24
7 Samþykktir Orkufjarskipta	24
8 Breytt eignarhald á Landsneti	25
9 Niðurstaða frumathugunar	26
9.1 Almennt	26
9.2 Gjaldskrá Orkufjarskipta	27
9.3 Afskriftartími ljósleiðara	28
9.4 Tekjur frá ótengdum aðilum.....	28
9.5 Þjónustusamningur OF við Landsvirkjun og Landsnet.....	28
9.6 Langtímafjármögnun	29
9.7 Hagkvæm uppbygging háhraðaneta.....	30
9.8 Niðurstaða og úrbætur	30



1 Inngangur

(1) Í fjarskiptalögum nr. 70/2022 kemur fram í 10. gr. að fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum skulu halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá slíkri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Þess skal einnig gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi.

(2) Fyrirtækjasamstæða Landsvirkjunar nýtur einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum. Landsvirkjun er með lögvarinn rétt samkvæmt sérlögum til nýtingar á vatns- og landsréttindum á þjórarsvæði innan þjóðlendna og Landsnet er með sérleyfi til að flytja rafmagn.

(3) Fyrirtækjasamstæða Landsvirkjunar rekur fjarskiptastarfsemi í aðskildu fyrirtæki sem heitir Orkufjarskipti hf. (OF) og er tilgangur félagsins samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2021 að eiga og reka öryggisfjarskiptakerfi sem hluthöfum sé nauðsynlegt vegna reksturs raforkukerfa þeirra á landsvísu og leigja aðgang að því sem tók eru á og lög heimila.

(4) Í samræmi við 10. gr. fjarskiptalaga metur Fjarskiptastofa (FST) hvort að framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar OF innan fyrirtækjasamstæðu Landsvirkjunar uppfylli ákvæði 10. gr. og hvort að möguleg niðurgreiðsla sé um að ræða í starfsemi OF frá einkaréttarvarinni starfsemi.

(5) FST ákvað því með vísun í 10. gr. fjarskiptalaga að hefja frumathugun á því hvernig framkvæmd á fjárhagslegum aðskilnaði OF væri háttað innan fyrirtækjasamstæðu Landsvirkjunar. Ekki er því um að ræða ítarlega og heildstæða úttekt með tilliti til umfangs þeirra gagna sem kallað var eftir, þeirra spurninga sem lagðar voru fram o.s.frv. Markmið frumathugunarinnar er að leggja mat á það hvort þörf sé á slíkri heildstæðri úttekt.

2 Orkufjarskipti

(6) OF er fjarskiptafyrirtæki sem er í jafnri eigu Landsvirkjunar og Landsnets og er tilgangur félagsins samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2021 að eiga og reka öryggisfjarskiptakerfi sem hluthöfum er nauðsynlegt vegna reksturs raforkukerfa þeirra á landsvísu og leigja aðgang að því sem tók eru á og lög heimila.

(7) Fyrirkomulag rekstrar OF er því annars eðlis en hjá öðrum innviða fjarskiptafyrirtækjum þar sem eigendur fyrirtækisins eru einnig kaupendur að stærstum hluta þeirra þjónustu sem fyrirtækið veitir. Það er mikilvægt fyrir eigendur að tryggja rekstraröryggi og uppítíma raforkukerfa í þeirra eigu þar sem um mikil verðmæti er að ræða og því leggja þeir áherslu á að rekstur öryggisfjarskiptakerfa sé í þeirra eigu. Ætla má að rekstrartruflanir eða stöðvanir í fjarskiptastýringum OF geti ekki einungis falið í sér mikið beint tjón, heldur getur óbeint tjón einnig verið mikið og ófyrirsjáanlegt.

(8) Þar sem öryggisfjarskiptakerfi OF er ætlað að þjónusta Landsvirkjun og Landsnet vegna reksturs raforkukerfa þá stuðlar það að hagkvæmri uppbyggingu og fjárfestingu í



öryggisfjarskiptakerfum þar sem kerfið er byggt til að þjónusta notkun og þarfir eigenda félagsins.

(9) Rekstur OF er því frábrugðinn rekstri hjá öðrum fjarskiptainnviðafyrirtækjum t.d. Mílu og Ljósleiðarans sem fjárfesta í uppbyggingu á fjarskiptakerfi sem þjónustar heimili og fyrirtæki landsins. Starfssvæði OF er bundið við staðsetningu raforkukerfa Landsvirkjunar og Landsnets og því ekki um beina samkeppni að ræða við önnur fjarskiptainnviðafyrirtæki.

(10) OF er hins vegar heimilt samkvæmt raforkulögum að bjóða út umframflutningsgetu ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða, svo fremi að samkeppni sé ekki raskað.

3 Hlutverk FST, markmið fjarskiptalaga og tilhögun eftirlits

(11) FST er sú stofnun sem með lögum hefur verið falið að annast framkvæmd laga um fjarskipti nr. 70/2022 og hafa eftirlit með fjarskiptum, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75/2021, um Fjarskiptastofu.

(12) Í lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu er mælt fyrir um að stofnunin skuli annast framkvæmd laga um fjarskipti, framfylgja lögnum og stuðla að því að markmið þeirra náist sbr. 2. og 3. gr. laganna auk þess sem kveðið er á um að markmið fjarskiptalaga sé að efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði sbr. 1. mgr. 2. gr. fjarskiptalaga. Þá er það eitt af skilgreindum verkefnum stofnunarinnar að stuðla að samkeppni á sviði fjarskiptaþjónustu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga og 6. gr. laga nr. 75/2021.

(13) Samkvæmt 10. gr. fjarskiptalaga skulu fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá slíkri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Þess skal gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi. Ákvæði þetta gildir án tillits til markaðsstyrks fyrirtækis.

(14) Við túlkun og beitingu 10. gr. fjarskiptalaga verður að hafa í huga þessi markmið laganna og hlutverk stofnunarinnar í því sambandi.

(15) Með fjarskiptalögum nr. 143/1996 var í fyrsta sinn að finna ákvæði í íslenski fjarskiptalöggjöf er varðaði fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptafyrirtækja. Var þar að finna heimild til handa samgönguráðherra að setja í reglugerð sérstakar reglur um bókhald fjarskiptafyrirtækja, sundurgreiningu þess og fjárhagslegan aðskilnað milli einstakra rekstrarþátta fjarskiptaþjónustu annars vegar og fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptaþjónustu frá annarri starfsemi rekstrarleyfishafa hins vegar í reglugerð sbr. 5. mgr. 11. gr. þeirra laga. Með fjarskiptalögum nr. 107/1999, sem leystu fyrrgreind lög af hólmi, hafði slík reglugerð ekki enn tekið gildi en þó var að finna efnislega samhljóða ákvæði um heimild samgönguráðherra að setja slíka reglugerð sbr. 5. mgr. 29. gr. laganna. Þá var að auki mælt fyrir um skyldu fyrirtækja, sem fengið hefðu leyfi til að veita talsímabjónustu og/eða til að reka fjarskiptanet, að verða við kröfu Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um að halda fjárhag fjarskiptastarfseminnar aðskildum frá annarri starfsemi sem rekin væri á grundvelli einka- eða sérréttinda sbr. 31. gr. laganna. Þegar eldri fjarskiptalög nr. 81/2003 voru sett var að finna



ákveðnar formbreytingar hvað varðar umræddan fjárhagslegan aðskilnað en þar var nú kveðið á um ófrávíkjanlega lagaskyldu í stað heimildar PFS til að mæla fyrir um slíkan aðskilnað. Ákvæði 36. gr. eldri fjarskiptalaga, sem er efnislega samhljóða nógildandi 10. gr. fjarskiptalaga, hljóðaði svo:

„Fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum skulu halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá annarra starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi. Ákvæðið gildir án tillits til markaðsstyrks fyrirtækis.“

(16) Þá kom fram í athugasemdum við tilvitnað ákvæði í frumvarpi því er varð að fjarskiptalögum nr. 81/2003 að fjarskiptafyrirtæki sem nytu einka- eða sérréttinda á öðrum sviðum en fjarskiptum skyldu halda fjarskiptastarfsemi sinni aðskilinni frá annarri starfsemi svo að útiloka mætti að tekjur af starfsemi sem nyti einkaréttar eða verndar yrðu notaðar til að styrkja fjarskiptastarfsemi fyrirtækisins og rýrði með því samkeppnisstöðu annarra fyrirtækja. Var áréttað að ákvæði 36. gr. (eldri fjarskiptalaga) ætti við um öll fyrirtæki sem nytu einkaréttar eða verndar án tillits til markaðshlutdeildar þeirra og án tillits til þess hvort fjarskiptareksturinn færi fram innan hins verndaða fyrirtækis eða í fyrirtæki sem það hefði yfirráð yfir. Með öðrum orðum þá gildir ákvæðið m.a. um samskipti innan fyrirtækjasamstæðu sem að hluta stundar fjarskiptastarfsemi.

(17) Með reglugerð um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja nr. 555/2023, er kveðið á um í 1. mgr. 1. gr. að reglugerðin gildi um fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum, sbr. 10. gr. nógildandi fjarskiptalaga. Í II. kafla reglugerðarinnar er að finna ítarlegar reglur um framkvæmd bókhaldslegs aðskilnaðar og í III. kafla er m.a. kveðið á um skyldu til fjárhagslegs aðskilnaðar fjarskiptastarfsemi frá annarri starfsemi fyrirtækja ef þau nytu einka- eða sérréttinda á einhverjum sviðum.

4 Framkvæmd frumathugunar / Málsmeðferð

4.1 Almennt

(18) Við meðferð málsins hjá FST fóru fram bréfasamskipti ásamt tölvupóstsamskiptum milli stofnunarinnar og OF sem fjallað er um hér í köflunum fyrir neðan.

4.1.1 Bréf FST til OF þann 14. október 2022.

(19) Með bréfi dags., þann 14. október 2022 óskaði FST eftir upplýsingum frá OF um framkvæmd á fjárhagslegum aðskilnaði á grundvelli þess að fyrirtækjasamstæða Landsvirkjunar nyti einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum, Landsvirkjun væri með



lögvarinn rétt samkvæmt sérlögum til nýtingar á vatns- og landsréttindum á Þjórsárvæði innan Þjóðlendna og Landsnet væri með sérleyfi til að flytja rafmagn.

(20) Í bréfi FST til OF kom fram að við frumathugun stofnunarinnar á framkvæmd OF á fjárhagslegum aðskilnaði, samkvæmt 10. gr. fjarskiptalaga, gæti líka varpað ljósi á hvort að fyrirtækið starfi að öllu leyti á markaðsforsendum, t.d. hvað varðar lánsfjármögnun uppbyggingarverkefna, eða verði talið njóta ríkisstuðnings að einhverju marki. Slíkt kann að hafa þýðingu varðandi stöðu fyrirtækisins m.t.t. 8. gr. laga nr. 125/2019 um hagkvæma uppbyggingu háhraðaneta, en ákvæðið fjallar um samhæfingu mannvirkjagerðar. Skoðun FST á ofangreindum gögnum tekur því einnig til þessa málefnis.

(21) Í bréfi dags. 14. október 2022 fór FST fram á að OF afhenti stofnuninni eftirfarandi upplýsingar:

1. Hversu há fjárhæð af tekjum fyrirtækisins af fjarskiptaþjónustu á árinu 2021 er frá tengdum aðilum og hvernig hún sundurliðast milli aðila eftir vöruflokkum.
2. Fyrir hvaða þjónustu eru aðrar tekjur á árinu 2021.
3. Sundurliðun niður á fyrirtæki á tekjum frá ótengdum aðilum á árinu 2021.
4. Upplýsingar um þjónustu sem ótengdir aðilar kaupa af Orkufjarskiptum hf. og á hvaða svæðum Orkufjarskipti hf. veitir þjónustu til ótengdra aðila sundurliðað niður á fyrirtæki og tegund þjónustu.
5. Afrit af lánsamningum þar sem fram komi m.a. vaxtakjör og upplýsingar um veðsetningar.
6. Upplýsingar um fjárhæð styrkja sem fyrirtækið hefur fengið á sl. 10 árum í tengslum við uppbyggingu á fjarskiptakerfi, frá hverjum styrkurinn er og í hvaða tilgangi.

4.1.2 Svar OF til FST þann 14. nóvember 2022

(22) Svar barst frá OF þann 14. nóvember 2022 þar sem félagið taldi rétt að leiðrétta staðhæfingu FST um að Landsvirkjun nýti einka- eða sérréttinda. Starfsemi Landsvirkjunar væri annars vegar á sviði vinnslu og viðskipta með raforku. Þeir hlutar raforkumarkaðarins séu samkeppnismarkaðir, sbr. m.a. markmið raforkulaga nr. 65/2003, sjá tl. 1. mgr. 1. gr. laganna. Í II. og V. kafla laganna væri fjallað nánar um vinnslu og viðskipti með raforku.

(23) Í svari OF kom fram að um starfsemi fyrirtækja á raforkumarkaði gilda tilvitnuð raforkulög nr. 65/2003. Í III. kafla laganna væri fjallað um flutning á raforku. Samkvæmt b. lið 5. mgr. 8. gr. laganna er fyrirtæki sem annast flutning raforku heimilt að eiga og reka fjarskiptakerfi sem því er nauðsynlegt vegna rekstursins og bjóða út umframflutningsgetu ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða, svo fremi að samkeppni sé ekki raskað. Í d. lið sama ákvæðis kemur fram að flutningsfyrirtækinu sé heimilt að eiga hlut í, ásamt öðrum, fjarskiptafélagi sem hefur það hlutverk að reka öryggisfjarskiptakerfi raforkukerfisins. Félaginu skal vera heimilt að bjóða út umframflutningsgetu, ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða, með sömu skilmálum og að framan er rakið auk þess sem skilyrði 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 skulu vera uppfyllt. Jafnframt hvílir kvöð um bókhaldslegan aðskilnað á starfseminni



sem skal fara eftir 41. gr. laganna auk þess sem stjórn félagsins skal vera sjálfstæð í störfum sínum.

(24) Tilgangur OF er að eiga og reka öryggisfjarskiptakerfi sem hluthöfum sínum, Landsvirkjun og Landsneti hf., er nauðsynlegt vegna reksturs raforkukerfa þeirra á landsvísu og er heimilt að leigja aðgang að umframgetu í kerfinu. Byggir uppbygging og rekstur öryggisfjarskiptakerfisins á tilvísaðri lagaheimild og hefur félagið ávallt lagt sig fram um að virða framangreindar reglur.

(25) Eins og ráða má af framangreindu snýr uppbygging og rekstur fjarskiptanets OF fyrst og fremst að því að tryggja öryggi raforkukerfa á Íslandi. Félagið beitir sér ekki á samkeppnismarkaði. Til vitnis um það þá er vel yfir [...]¹% af veltu félagsins til tengdra félaga og sala til ótengdra aðila einungis á umframflutningsgetu fjarskiptanetsins. Viðskiptin með umframafkastagetu eru til komin vegna eftirspurnar aðila á markaði en ekki vegna markaðsfærslu OF.

(26) Í VII. kafla raforkulaga er fjallað um eftirlit og úrræði Orkustofnunar gagnvart raforkufyrirtækjum. Í 24. gr. laganna kemur fram að Orkustofnun skuli hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt lögnum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemi gilda samkvæmt lögnum, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samningi skv. 8. gr. og öðrum heimildum. Orkustofnun skal hafa samráð við Samkeppniseftirlitið um eftirlit með starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna eftir því sem við á. Hefur Orkustofnun víðtækar heimildir til eftirlits með starfseminni og getur beitt stjórnsluviðurlögum samræmist starfsemi félagsins ekki tilvitnaðri 8. gr. laganna. Um það er m.a. fjallað í 25. og 26. gr. raforkulaga. Í 27. gr. laganna kemur fram að samkeppnislög gildi um atvinnustarfsemi sem lögin nái til.

(27) Af framangreindu verður ráðið að löggjafinn hefur skipað málum með þeim hætti að Orkustofnun hefur verið falið það hlutverk að hafa eftirlit með því, eftir atvikum með fulltingi Samkeppniseftirlitsins, að starfsemi OF með tilliti til eignarhalds félagsins, raski ekki samkeppni á fjarskiptamörkuðum. Í þessu tilliti verður að horfa til þess að raforkulög eru sérlög sem ganga framar almennum fjarskiptalögum. OF eiga ekki að þurfa að sæta því að mörg stjórnvöld hafi eftirlit með félaginu um sömu lagaatriði. Með vísan til þess telja OF að ekki hvíli lagaskylda á félaginu að svara tilvísaðri fyrirspurn FST frá 14. október sl.

4.1.3 Bréf FST til OF þann 30. nóvember 2022

(28) FST svaraði bréfi OF þann 30. nóvember 2022 þar sem kom fram að FST annist stjórnslu og eftirlit með framkvæmd fjarskipta- og netöryggismála, þar á meðal framkvæmd laga um fjarskipti. Þá hefði stofnunin eftirlit með að framkvæmd og starfsemi sem henni er að lögum falið að hafa eftirlit með sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur, skilyrði eða ákvarðanir sem um viðkomandi starfsemi gilda og starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

(29) Í IV. kafla fjarskiptalaga er fjallað um heimild til fjarskiptastarfsemi. Starfsgrundvöllur fjarskiptafyrirtækja byggir á svokallaðri almennri heimild sem felst í tilkynningarskyldu aðila til

¹ Felld brott vegna trúnaðar, það sama á við um samskonar merkingu í textanum hér fyrir neðan.



FST um fyrirhugaða fjarskiptastarfsemi, sbr. 6. gr. fjarskiptalaga. Við skráningu hjá FST öðlast fyrirtækið rétt og tekur á sig skyldur sem starfandi fjarskiptafyrirtæki hér landi. Ein af þeim skyldum er aðskilnaður sérleyfisstarfsemi frá fjarskiptastarfsemi. Í 10. gr. fjarskiptalaga segir að fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta jafnframt einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum skulu halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi líkt og um óskyld fyrirtæki væri að ræða.

(30) Landsnet er hlutafélag og starfar skv. sérleyfi. Félagið er í eigu Landsvirkjunar, RARIK, Orkuveitu Reykjavíkur og Orkubús Vestfjarða. Landsvirkjun sem er í eigu íslenska ríkisins á 64,73% hlut í félaginu og starfar skv. lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983. OF er síðan í jafnri eigu Landsnets og Landsvirkjunar. Verður því ekki annað séð en að um fyrirtækjasamstæðu sé að ræða og að eigendur OF starfi á grundvelli sérréttinda.

(31) Í svari OF er vísað til ýmissa ákvæða raforkulaga nr. 65/2003, s.s. áðurnefndar b. og d. liðir 5. mgr. 8. gr. laganna. FST gerir enginn ágreining um að ákvæði raforkulaga taka til starfsemi eigenda OF, sem og að eftirlit og úrræði skv. raforkulögum sé á hendi Orkustofnunar. Varðandi vísanir í aðkomu Samkeppniseftirlitsins vill FST benda á sameiginlegar reglur nr. 197/2022 þessara stofnana um meðferð og úrlausn fjarskiptamála. Þar kemur fram í 4. gr. að það fellur í skaut FST að meðhöndla mál varðandi lög um fjarskipti og reglugerðir settar með stoð í þeim.

(32) FST telur þörf á að árétta að starfsemi og hlutverk OF er ekki flutningur eða framleiðsla rafmagns, heldur rekur félagið fjarskiptakerfi fyrir raforkukerfin í landinu, m.ö.o. það er fjarskiptafyrirtæki. Vísast hér til ÍSAT skráningar OF hjá fyrirtækjaskrá Skattsins, þar sem aðalatvinnugrein félagsins er skráð sem fjarskipti um streng, sem og skráningu félagsins hjá FST sem starfandi fjarskiptafyrirtæki hér á landi.

(33) FST vill einnig minna á að OF hefur verið skráð fjarskiptafyrirtæki hjá stofnuninni (áður Póst- og fjarskiptastofnun) frá árinu 2001. Þó að meginstarfsemi OF snúi að fjarskiptaþjónustu fyrir eigendur sína, sem starfa á raforkumarkaði, veitir fyrirtækið að auki fjarskiptaþjónustu til annarra fjarskiptafélaga um eigið grunnet. Almenn heimild til reksturs fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu er bundin ákveðnum skilyrðum, sbr. áðurnefndum IV. kafla fjarskiptalaga.

(34) Samkvæmt 15. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu, sem eru sérlög um stofnunina, getur stofnunin kafið þá sem stunda starfsemi sem fellur undir lög um fjarskipta og önnur lög sem undir stofnunina heyra um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Þá getur stofnunin kafið fjarskiptafyrirtæki um upplýsingar í sambandi við almenna heimild, réttindi eða sérstakar kvaðir, sbr. 2. mgr. 15. gr. sömu laga.

(35) Að framangreindu virtu er engum vafa undirorpið að skýrar lagaheimildir standi til þess að FST geti kallað eftir umbeðnum upplýsingum og að OF sé skylt að afhenda þær til stofnunarinnar.

(36) FST ítrekaði því erindi sitt frá 14. október sl. um að OF afhendi stofnuninni umbeðnar upplýsingar. Var fjarskiptafyrirtækinu veittur lokafrestur til 14. desember 2022 til að afhenda umbeðnar upplýsingar.



(44) Afrit af lánasamningum þar sem fram komi m.a. upplýsingar um vaxtakjör og veðsetningar þá eru skv. OF 4 gildandi lánasamningar sbr. meðfylgjandi fylgiskjöl.

- i. Lánasamningur milli OF og Landsvirkjunar, dags. [...], lánsfjárhæð [...] kr.
- ii. Lánasamningur milli OF og Landsnets, dags. [...], lánsfjárhæð [...] kr.
- iii. Lánasamningur milli OF og Landsvirkjunar, dags. [...], lánsfjárhæð [...] kr.
- iv. Lánasamningur milli OF og Landsnets, dags. [...], lánsfjárhæð [...] kr.

(45) Þá kom fram í svari OF að lánasamningar við Landsvirkjun og Landsnet, frá árinu [...] að um væri að ræða samhljóða samninga við Landsnet annars vegar og Landsvirkjun hins vegar, hvor um sig að fjárhæð [...] kr. Samningarnir væru bundnir við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar og greiðist helmingur hennar með [...] jöfnum afborgunum á [...] mánaða fresti og hinn helmingurinn með einni greiðslu á lokagjalddaga samnings þann [...]. Lánið ber [...]% fasta vexti.

(46) Þá kom einnig fram í svari OF að lánasamningar við Landsvirkjun og Landsnet, gerðir [...] að um væri að ræða samhljóða samninga við Landsnet annars vegar og Landsvirkjun hins vegar, hvor um sig að fjárhæð [...] kr. Í lok árs 2021 hafa [...] kr. verið dregnar á hvorn samning. Endurgreiðsla skal hefjast þann [...] og ber lántaka að greiða árlega [...] af höfuðstól á hverjum gjalddaga. Lánið ber [...]% ársvexti.

(47) Varðandi upplýsingar um fjárhæð styrkja sem félagið hefur fengið á sl. 10 árum í tengslum við uppbyggingu á fjarskiptakerfi, frá hverjum styrkurinn er og í hvaða tilgangi þá upplýsti félagið að OF hefði ekki fengið greidda styrki, en væri í samvinnu við sveitarfélög í ákveðnum landshlutum til að styrkja ljósleiðaratengingu á þeim svæðum.

(48) Fylgiskjöl með svari OF eru eftirfarandi:

- Nr. 1 Lánasamningur milli OF og Landsvirkjunar, dags. [...].
- Nr. 2 Lánasamningur milli OF og Landsnets, dags. [...].
- Nr. 3 Lánasamningur milli OF og Landsvirkjunar, dags. [...].
- Nr. 4 Lánasamningur milli OF og Landsnets, dags. [...], ásamt ádráttarbeiðni, dags. [...], sem er fylgiskjal 1 með þeim samningi.

4.1.5 Tölvupóstur til OF þann 31. janúar 2023

(49) FST óskaði eftir frekari skýringum með tölvupósti til OF þann 31. janúar 2023 eftir að hafa yfirlit svör fyrirtækisins. Stofnunin óskaði eftir hvernig tekjur frá tengdum aðilum skiptust á milli Landsnets og Landsvirkjunar fyrir árið 2021 ásamt afriti af föstum samningi vegna ljósleiðara og búnaðar sem vísað var til í svari félagsins frá 5. janúar sl.

(50) Stofnunin óskaði eftir nánari skýringum á svörum OF vegna fyrirspurna um fjárhæð styrkja sl. 10 ár sem OF hefur fengið en í svari fyrirtækisins frá 5. janúar 2023 kom fram að OF hefði ekki fengið greidda styrki, en væri í samvinnu við sveitarfélög í ákveðnum landshlutum til að styrkja ljósleiðaratengingu á þeim svæðum.



(51) FST vísaði í ársreikninga félagsins fyrir árin 2015, 2016 og 2017 en þar kemur fram að félagið hafi fengið greidda styrki til uppbyggingar á fjarskiptakerfi og eru styrkirnir færðir til lækkunar á fjárfestingu félagsins við uppbyggingu. Fjárhæð styrkja skv. skýringu nr. 4 og upplýsingum í sjóðsstreymisyfirliti í viðkomandi ársreikningum kemur fram að á árinu 2015 nam styrkurinn 15.829.370 kr., á árinu 2016 56.220.685 kr. og á árinu 2017 7.655.000 kr. Á þessum 3 árum hefði fyrirtækið því fengið greidda styrki samtals að fjárhæð 79.650.055 kr.

(52) Einnig kæmi fram á vef Stjórnarráðsins frétt² þann 3. júlí 2015 um samning milli fjarskiptasjóðs og innanríkisráðuneytisins við OF um styrk vegna hringtengingar ljósleiðara um Snæfellsnesið og hljóðaði styrkurinn upp á 66 millj. kr.

(53) FST óskaði því eftir upplýsingum eða skýringum OF af hverju félagið teldi sig ekki hafa fengið greidda styrki á sl. 10 árum.

(54) FST óskaði eftir skýringum á ákvæði í lánsamningum OF við Landsvirkjun og Landsnet dags. [...] en þar kemur fram í lið nr. 12.1 (d) undir kaflanum Uppsögn og gjaldfelling samningsins að ef [...] að við slík skilyrði er honum heimilt að segja samningi þessum upp og gjaldfella í heild sinni lánið samkvæmt honum, án fyrirvara, með tilkynningu til lántakanda.

(55) FST óskaði eftir upplýsingum um markmið eða tilgang með slíku ákvæði í lánsamningi milli félaganna þar sem OF væri að fullu og í jafnri eigu Landsvirkjunar og Landsnets og hvort að slíkt ákvæði í lánsamningi milli félaganna geti haft ívilnandi áhrif á vaxtakjör eða skilmála til handa OF.

(56) Að lokum óskaði FST eftir afriti af samþykktum OF.

4.1.6 Svar OF þann 23. febrúar 2023

(57) Í svari OF frá 23. febrúar 2023 kom fram að heildartekjur af fjarskiptaþjónustu á árinu 2021 námu [...] kr. frá tengdum aðilum. Þar af eru [...] kr. frá Landsneti hf. og [...] kr. frá Landsvirkjun.

(58) Meðfylgjandi voru samningar á milli aðila. Samningur um fjarskiptaþjónustu hefði verið undirritaður bæði við Landsnet og Landsvirkjun ásamt fjölda viðaukasamninga.

(59) Varðandi styrki sem OF hefur móttækið sl. 10 ár þá kom fram að um væri að ræða styrki sem sveitarfélög fengu greidda frá fjarskiptasjóði við uppbyggingu fjarskiptakerfis. Sveitarfélög óskuðu eftir samvinnu við OF sem sá um framkvæmd á stofninum og heimtaugum og lagði út fyrir kostnaði. Hlutdeild sveitarfélaganna í framkvæmdinni var greidd að fullu til OF og færð til lækkunar á fjárfestingu félagsins. Um væri að ræða villandi orðalag í ársreikningum ársins 2015, 2016 og 2017, þar sem styrkirnir voru sannarlega greiddir til sveitafélaganna en ekki OF. Því er það leiðrétt að OF hafi fengið styrki heldur var um það að ræða að sveitarfélögin greiddu OF fyrir sína hlutdeild í uppbyggingu fjarskiptainniðnaðs og notuðu til þess styrki sem þau höfðu fengið.

(60) Varðandi styrk frá fjarskiptasjóði þá kom fram í svari OF að á árinu 2015 og 2016 tók OF þátt í útboði fjarskiptasjóðs við lagningu strengs á Snæfellsnesi sem það fékk og greiddi

² <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2015/07/03/Samid-vid-Orkufjarskipti-um-hringtengingu-ljosleidara-um-Snaefellsnes/>



fjarskiptasjóður hluta af kostnaði. Verkið reyndist mun dýrara en áætlað var og greiddi fjarskiptasjóður alls 66 milljónir króna styrk vegna verksins.

(61) Í svari OF þann 5. janúar 2023 vegna frumathugunar FST var talið að spurning 6 ætti eingöngu við styrki frá eigendum þar sem um er að ræða rannsókn á fjárhagslegum aðskilnaði félagsins og eigenda. Ekki hafa verið greiddir aðrir styrkir til félagsins, en tilgreindur styrkur frá fjarskiptasjóði á árinu 2016, síðastliðin 10 ár vegna uppbyggingar á fjarskiptaneti félagsins.

(62) Varðandi svar OF vegna fyrirspurnar FST um ákvæði í lánasamningi vegna ákvæðis [...] þá væri lánveitenda heimilt að segja samningi upp og gjaldfella lánið í heild sinni þá kom fram í svari OF að þegar lánasamningar við eigendur félagsins voru gerðir var það haft að leiðarljósi að samið væri á markaðskjörum.

(63) Með svari OF fylgdi afrit af samþykktum félagsins.

5 Samningur um fjarskiptaþjónustu Landsvirkjunar og Landsnets við OF

5.1 Samningur um fjarskiptaþjónustu

(64) Með svari OF til FST þann 23. febrúar 2023 fylgdi afrit af samningum OF við Landsvirkjun og Landsnets um fjarskiptaþjónustu ásamt fjölda viðaukasamninga við bæði fyrirtækin vegna stækkunar á fjarskiptakerfinu í samræmi við fylgiskjal V. Samningarnir um fjarskiptaþjónustu eru samhljóma fyrir utan upplýsingar sem koma fram í fylgiskjali I sem fjallar um tengistaði og tímaáætlun og einnig samningsfjárhæð undir liðnum gjöld og reikningagerð. Meðal helstu atriða sem koma fram í samningunum eru eftirfarandi.

Efni og markmið samnings

(65) Í samningnum kemur m.a. fram varðandi efni og markmið samningsins að seljandi taki að sér að veita kaupanda fjarskiptaþjónustu sem seljandi afhendir á tengistöðum, reka fjarskiptakerfi fyrir kaupanda og ýmis sérverkefni eins og nánar er lýst í fylgiskjölum með samningnum. Markmið með samningnum sé að tryggja afhendingu öruggrar fjarskiptaþjónustu til orkustýringar og ljósleiðarasambanda á sem hagkvæmastan hátt.

Samningsgögn

(66) Samningsgögn samningsins eru:

- a) Samningur þessi.
- b) Fylgiskjal I: Tengistaðir og tímaáætlun
- c) Fylgiskjal II: Þjónustulýsing.
- d) Fylgiskjal III: Aðstaða á tengistað.
- e) Fylgiskjal IV: Sérverkefni.
- f) Fylgiskjal V: Stækkun fjarskiptakerfisins.

Þjónustumarkmið



(67) Seljandi skal í nánú samráði við kaupanda, þróa fjarskiptakerfið þannig að það mæti þörfum kaupanda á hverjum tíma. Seljandi skal reka fjarskiptakerfið sem fjarskiptaþjónustan byggist á með eins hagkvæmum hætti og kostur er án þess að það komi niður á öryggi þjónustunnar.

Umfang þjónustu

(68) Samningurinn tekur til fjarskiptasambanda og rekstrarþjónustu sem tilgreind eru í fylgiskjölum. Þar eru skráðar upplýsingar um tengistaði, tegund fjarskiptasambanda, og öryggiskröfur.

Gæðamál

(69) Seljandi skal beita stjórnkerfi vegna gæðamála, öryggismála, umhverfismála, heilbrigðisráðstafana og vinnuumhverfis g starfa eftir gæða-, umhverfis- og öryggiskerfum skv. ISO9001, ISO 14001, ISO 27001 og OHSAS 18001 stöðum eða öðrum stöðlum sem kaupandi samþykkir.

Þjónustusími og þjónustustig

(70) Seljandi skal reka viðgerðarþjónustu sem er opin allan sólarhringinn alla daga ársins. Í fylgiskjali II eru tilgreind símanúmer og upplýsingar um viðbragð í bilanatilvikum, útgáfa viðgerðaráætlunar, viðgerð og prófun á kerfum seljanda og kaupanda.

Stjórn- og varnarbúnaður raforkukerfisins

(71) Um fjarskiptasambönd sem notuð eru vegna stjórn- og varnarbúnaðar raforkukerfisins gilda sérstakar reglur með tilliti til rekstraröryggis. Vinna við slík sambönd er unnin samkvæmt verklagsreglum um rof og vinnu við raforkukerfið og önnur þau tilmæli sem kaupandi setur og ber seljanda að fylgja þeim verklagsreglum og tilmælum.

Samskipti kaupanda og seljanda

(72) Seljandi og kaupandi skipa hvor fyrir sig umsjónaraðila til að annast framkvæmd samningsins. Seljandi skal halda þjónustufundi með kaupanda á 3ja mánaða fresti eða oftari ef þurfa þykir. Þar skal seljandi leggja fram skýrslu um stöðu fjarskiptakerfisins og rekstur ásamt ítarlegum upplýsingum um bilanir og brottfall fjarskipta.

Sérverkefni

(73) Sérverkefni eru verkefni sem seljandi tekur að sér að vinna fyrir kaupanda og eru nánar skilgreind í fylgiskjali IV. Sérverkefni skulu unnin samkvæmt skriflegri beiðni og verklýsingu frá umsjónarmanni kaupanda.

(74) Kaupandi skal greiða seljanda þann kostnað sem seljandi leggur út fyrir að viðbættri umsýslubókunum enda hafi kaupandi samþykkt þann kostnað fyrirfram.

Trúnaður

(75) Efni þessa samnings er trúnaðarmál milli samningsaðila.

(76) Öll gögn sem kaupandi lætur seljanda í té eru trúnaðarupplýsingar og seljandi skal viðhafa fyllstu aðgæslu við alla meðferð slíkra gagna. Allir starfsmenn seljanda skulu undirrita trúnaðarsamning sem inniheldur ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga.



(77) Seljandi er að öllu leyti ábyrgur fyrir því að starfsmenn hans misnoti ekki kerfi kaupanda eða þær upplýsingar sem þar eru geymdar. Öll þjónusta og uppsetning búnaðar skal skipulögð þannig að sem minnsta hættu sé á misnotkun kerfa og upplýsinga.

Framlag kaupanda

(78) Kaupandi leggur til aðstöðu og aflfæðingu fyrir búnað seljanda á tengistöðum hjá kaupanda. Nánar er gerð grein fyrir framlagi kaupanda í fylgiskjali III.

Gjöld og reikningagerð

(79) Samningsfjárhæð er við Landsnet þann 1. apríl 2011 krónur [...] án vsk. á mánuði og tekur samningsfjárhæðin mánaðarlegum breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og er grunnvísitala 367,7 í apríl 2011.

(80) Samningsfjárhæð er við Landsvirkjun þann 1. apríl 2011 krónur [...] án vsk. á mánuði og tekur samningsfjárhæðin mánaðarlegum breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og er grunnvísitala 367,7 í apríl 2011.

(81) Samningsfjárhæðin innifelur alla þjónustu seljanda sem lýst er, alla notkun og óheftan og ótakmarkaðan aðgang kaupanda að kerfinu og þjónustunni sem lýst er í samningnum. Samningsfjárhæð innifelur allan kostnað og gjöld sem hljóttast af rekstri og uppbyggingu fjarskiptakerfa og veitingu þjónustunnar, hverju nafni sem þau gjöld nefnast, að undanskyldum virðisaukaskatti.

Greiðslur

(82) Greiðslur til seljanda verða eingöngu inntar af hendi samkvæmt greiðsluliðum samningsins.

(83) Kaupandi skal greiða reikning seljanda innan 20 daga frá gjalddaga reiknings hafi hann ekki gert athugasemd við þá innan þess tíma. Ef ekki er greitt fyrir eindaga skulu reiknast dráttarvextir sem verða samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni. Innheimtukostnaður greiðist af kaupanda.

Veðsetningar

(84) Seljanda er óheimilt að binda kaupanda á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem seljandi kann að taka á sig á þjónustutímanum.

Undirverktakar

(85) Seljanda er heimilt að fela undirverktaka að framkvæma einstaka þjónustuhætti samkvæmt samningi þessum að fengnu samþykki kaupanda. Slíkt leysi seljanda þó ekki undan skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum.

(86) Seljandi ber ábyrgð á þeim búnaði og kerfum sem hann leggur til á samningstíma. Seljandi ber alla áhættu af því ef búnaður í hans eigu skemmist eða eyðileggst. Seljandi skal sjá til þess að hvert tjón sé lagfært eins fljótt og unnt er án tillits til þess hverjar ástæður þess eru.

(87) Seljandi ber alla áhættu af því ef búnaður í eigu kaupanda í vörslu seljanda, sem fellur undir samning þennan, skemmist eða eyðileggst. Þessi ábyrgð gildir þar til búnaðurinn er



kominn í vörslu kaupanda og gildir jafnt um nýjan búnað og búnað sem seljandi er með til viðgerðar.

Áhætta – ábyrgð á skaða

(88) Seljandi ber ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd þjónustunnar. Enn fremur ber hann ábyrgð á því tjóni eða slysum, sem hann og undirverktaki hans kann að valda á búnaði kaupanda, starfsmönnum sínum og undirverktaka, starfsmönnum kaupanda, starfsmönnum sínum og undirverktaka, starfsmönnum kaupanda eða þriðja aðila meðan á samning stendur.

(89) Seljandi ber ábyrgð á váttryggingum vegna þjónustunnar og framkvæmdum vegna hennar umfram það sem hér á undan er talið, þar með talið váttryggingum á tækjum, búnaði og aðstöðu sinni og tjón vegna skemmda á eigin eignum og annarra.

Ófyrirsjáanlegir atburðir

(90) Samningsaðilar verða ekki krafðir um skaðabætur vegna tjóns sem hlýst af náttúruhamförum, stríðsástandi, eða verkföllum eða öðrum óviðráðanlegum ytri aðstæðum.

Framsal

(91) Samning þennan má seljandi eigi framselja með neinum hætti nema með fyrirfram samþykki kaupanda.

Vanefndir og riftun

(92) Heimilt er að rifta samningi vegna verulegra vanefnda gagnaðila. Áður en til riftunar getur komið skal sá samningsaðili sem telur að gagnaðili hafi vanefnt samningsskyldur sínar senda gagnaðila áskorun um úrbætur þeirra vanefnda sem um er að ræða

(93) Aðilum er heimilt að rifta samningi, án fyrirvara, að nokkru eða öllu leyti ef annar hvor aðili fer í greiðsluþrot, bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eða ef hann hefur gengið til nauðasamninga við lánadrottna.

Breytingar á samningi eða þjónustu

(94) Á samningstíma er fyrirséð að breytingar verða á starfsemi kaupanda til dæmis þannig að tengja þurfi nýja staði eða bæta við samböndum. Vænta má að það valdi meðal annars því að byggja þurfi ný fjarskiptakerfi eða bæta við fjarskiptakerfi seljanda.

(95) Kaupanda er heimilt að óska eftir tengingu nýrra staða og breytingum á þjónustunni og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda.

(96) Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda.

Gildistími, uppsögn og endurskoðun

(97) Samningur þessi gildir frá og með 1. apríl 2011 og gildir til og með 31. mars 2014. Eftir það framlengist samningurinn sjálfkrafa um eitt ár, nema annarhvor samningsaðili segi honum upp með sex mánaða fyrirvara.

Lög og úgreiningsmál



(98) Um samning aðila gilda íslensk lög.

(99) Komi upp ágreiningur um framkvæmd einstakra verkþátta skal vísa slíkum ágreiningsatriðum til framkvæmdastjóra seljanda og forstjóra kaupanda. Nái þeir ekki að leysa ágreiningsmál sín á milli má vísa ágreiningi til Héraðsdóms Reykjavíkur. Hvor aðili um sig getur áfrýjað dómi til héraðsdómsins til Hæstaréttar Íslands til endanlegs úrskurðar.

5.2 Fylgiskjöl með samningi um fjarskiptaþjónustu

(100) Með samningi um fjarskiptaþjónustu OF við Landsnet og Landsvirkjunar fylgja 5 fylgiskjöl.

Fylgiskjal I – Tengistaðir og tímaáætlun

(101) Í fylgiskjali I er listi yfir þá staði sem seljandi skal tengja og afhenda sambönd á og hvenær á samningstímanum er áætlað að það gerist með þeim nýja hætti sem lýst er í fylgiskjali II.

Fylgiskjal II - Þjónustulýsing

(102) Í fylgiskjali II kemur fram þjónustulýsing á samböndum þar sem sambönd á hvern tengistað eru tvennskonar. Annars vegar fyrir stjórnkerfi það er orkustjórnkerfi, varnir og rekstrarsíma um fjarskiptakerfi seljanda sem hér kallast saman stjórnkerfissambönd. Hins vegar ljósleiðarasambönd um eitt ljósleiðarapar án búnaðar (dark fiber).

Fylgiskjal III – Aðstaða á tengistað

(103) Í fylgiskjali III kemur fram lýsing á aðstöðu en seljandi fær hjá kaupanda eftirfarandi aðstöðu á hverjum tengistað þ.e. aðstöðu fyrir einn til tvo tækja- og tengiskápa og raffæðingu að skápum fyrir búnað seljanda.

(104) Í fylgiskjalinu kemur fram að kaupandi (Landsvirkjun/Landsnet) taki ekki gjald fyrir aðstöðu, raffæðingu né raforkunotkun en seljandi (OF) beri allan kostnað við að setja upp búnað hjá kaupanda svo sem lagna, skápa og annars sem þarf til fullnaðarfrágangs.

Fylgiskjal IV - Sérverkefni

(105) Í fylgiskjali IV koma fram upplýsingar vegna sérverkefna en seljandi tekur að sér verkefni fyrir kaupanda vegna fjarskiptakerfa í eigu kaupanda og vegna sérverkefna í tengslum við fjarskiptaþarfir kaupanda hverju sinni. Þetta eru verkefni önnur en þau sem eru skilgreind í fylgiskjölum I, II og III og tilheyra ekki rekstri kerfa í eigu seljanda.

(106) Helstu þjónustuhættir eru rekstur og eftirlit með fjarskiptakerfum í eigu kaupanda, tækniþjónusta vegna fjarskipta orkustjórnkerfis, fjarskipta varnarbúnaðar og annars fjarskiptabúnaðar í tengivirkjum kaupanda og umsjón með varahlutalager kaupanda vegna fjarskiptakerfa kaupanda. Seljandi útvegar geymslurými vegna varahlutalagersins.

Fylgiskjal V – Stækkun fjarskiptakerfisins

(107) Í fylgiskjali V koma fram upplýsingar um stækkun fjarskiptakerfisins en seljandi byggir upp fjarskiptakerfi sem þjónar þörfum raforkufélaga. Fjarskiptakerfið verður byggt upp samhliða stækkun og endurnýjun raforkukerfisins og hagkvæmni þannig gætt í hvarvetna. Þegar byggt er orkuvirki er gert ráð fyrir að byggt sé við fjarskiptakerfi seljanda svo það ná til þess nýja orkuvirkis.



(108) Samningsaðilar hafa samstarf um byggingu fjarskiptakerfanna. Miða skal við að ný fjarskiptasambönd séu byggð á öruggasta og hagkvæmasta máta hverju sinni þar með talið samhliða öðrum tengingum að orkuvirkinu.

(109) Miðað skal við að fjarskiptakerfi séu þannig uppbyggð að þau nýtist raforkufélögunum til jafns til lengri tíma litið til að tryggja tvöfaldar tengileiðir að öllum meginstöðum raforkukerfisins.

Stofnkostnaður

(110) Kostnaður sem fellur til vegna byggingar nýrra fjarskiptakerfa skal greiddur af seljanda nema samkomulag verði um annað. Miða er við að seljandi fái þann kostnað endurgreiddan með eftirfarandi hætti:

1. Gerð er raunávöxtunarkrafa á stofnkostnað, sem gefur tekjur sem duga fyrir endurnýjun búnaðar (nú [...]% raunvextir) á 10 árum.
2. Gerð er ávöxtunarkrafa á stofnkostnað, sem gefur tekjur sem duga fyrir endurnýjun ljósleiðara (nú [...]% raunvextir) á 25 árum.

Rekstrarkostnaður

(111) Þegar búið er að tengja nýtt orkuvirki og taka ný fjarskiptavirki í notkun þá eykst rekstrarkostnaður seljanda í samræmi við umfang þessara fjarskiptakerfa. Miðað er við eftirfarandi við útreikninga á greiðslufjárhæð vegna þess.

(112) Greiðslufjárhæðir vegna aukins rekstrarkostnaðar eru reiknaðir á ári sem hlutföll af stofnkostnaði með eftirfarandi hætti.

1. [...]% stofnkostnaði ljósleiðara.
2. [...]% stofnkostnaði búnaðar.

(113) Greiðslufjárhæð verðbætist með sama hætti og samningsfjárhæðin.

(114) Aðkeypt sambönd eru endurleigð með [...]% álagi.

Kostnaðarskipting

(115) Kostnaður skiptist á milli raforkufélaganna í samræmi við notkun þeirra á þeim fjarskiptakerfum sem byggð eru. Hafa má eftirfarandi til viðmiðunar við kostnaðarskiptingu.

1. Ef orkuvirki Landsnets hf. og Landsvirkjunar eru sambyggð eða á sama stað þá skiptist kostnaður til helminga.
2. Ef fyrir séð er að nýtt fjarskiptakerfi nýtist bæði Landsneti hf. og Landsvirkjun þótt að það nái aðeins til orkuvirkis annars hvors þá skal kostnaði skipt til samræmis.



6 Lánasamningur milli Landsvirkjunar og Landsnets við OF

(116) Samkvæmt svari OF við fyrirspurn FST eru 4 lánasamningar í gildi, tveir lánasamningar dags. þann [...] að lánsfjárhæð [...] kr. hvor um sig og er annar þeirra við Landsvirkjun og hinn við Landsnet og eru þeir samhljóma. Hinir tveir lánasamningar eru dags. þann [...] að lánsfjárhæð [...] kr. hvor um sig einnig við Landsvirkjun og Landsnet og eru þeir einnig samhljóma.

6.1 Lánssamningur dags. þann [...]

(117) Helstu atriði lánssamnings eru eftirfarandi.

Samningsaðilar og lánsfjárhæð

(118) Samningsaðilar eru Landsvirkjun og Landsnet sem lánveitendur og OF sem lántaki.

Ráðstöfun lánsfjárhæðar lánveitandi Landsvirkjun

(119) Lántaki mun ráðstafa lánsfjárhæðinni í heild til endurgreiðslu á gildandi lánssamningi aðila, dags. [...] og viðaukum, dags. [...] og [...] ásamt síðari breytingum. Endurgreiðslan skal eiga sér stað sama dag og lánsfjárhæðin samkvæmt samningi þessum er greidd út frá lánveitanda til lántaka.

(120) Samhliða og samtímis gerð þessa lánssamnings er gerður lánssamningur milli Landsnets og OF. Hluta lánsfjárhæðar samkvæmt þeim samningi kr. [...] skal ráðstafað til til endurgreiðslu á framangreindum lánssamningi Landsvirkjunar og OF, dags. [...].

(121) Með framangreindum endurgreiðslum OF vegna lánssamnings Landsvirkjunar og OF, dags. [...], er lánið að fullu endurgreitt.

Ráðstöfun lánsfjárhæðar lánveitandi Landsnet

(122) Lántaki mun ráðstafa hluta lánsfjárhæðinnar til endurgreiðslu núverandi skuldar við lánveitanda (Landsnet) að fjárhæð kr. [...], - auk áfallinna vaxta á greiðsludegi. Þá mun lántaki ráðstafa hluta lánsfjárhæðinnar, kr. [...], til endurgreiðslu á skuld lántaka við Landsvirkjun, kt. 420269-1299, samkvæmt samningi, dags. [...] og viðaukum, dags. [...] og [...] ásamt síðari breytingum. Endurgreiðslur þessar skulu eiga sér stað sama dag og lánsfjárhæðin samkvæmt samningi þessum er greidd út frá lánveitanda til lántaka.

Lánstími

(123) Lánssamningur þessi öðlast gildi við undirritun og skal falla úr gildi án uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila þann [...], að því tilskyldu að lántaki hafi endurgreitt lánveitanda lánsfjárhæðina að fullu ásamt verðbótum og vöxtum, nema aðilar komi sér skriflega saman um annað.

Vísitala – vextir – vaxtatímabil – gjalddagi – endurgreiðsla

(124) Skuldin er bundin vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og miðast við grunnvísitöluna í [...] sem er [...].

(125) Lántaki lofar að endurgreiða til lánveitanda helming af verðbættum höfuðstól skuldarinnar með [...] jöfnum afborgunum á [...] fresti. Fyrsta afborgun skal lántaki inna af



hendi [...]. Hinn helming verðbættis höfuðstóls skuldarinnar skal lántaki endurgreiða með einni greiðslu á lokagjalddaga samnings þessa, [...].

(126) Skuldin skal bera fasta [...] % ársvexti frá undirritun lánssamnings þessa. Lántaki skal greiða vexti fyrst þann [...] og á [...] fresti eftir það.

(127) Lántaka er heimilt að greiða upp lánið með samþykki lánveitenda.

Tryggingar

(128) Lán þetta er án trygginga.

Kostnaður lántaka

(129) Lántaki skal greiða kostnað af skjalagerð svo og kostnað sem lánveitandi kann að þurfa að greiða vegna lánsins samkvæmt gjaldskrá viðskiptabanka lánveitanda, svo sem tilkynningar- og greiðslugjald, millifærslukostnað og annan viðskiptakostnað.

(130) Lánveitandi skal greiða öll opinber gjöld eða skatta sem lögð kunna að verða á samninginn, greiðslur samkvæmt honum eða vaxtatekjur, lánveitanda að skaðlausu, þar með talin stimpilgjöld, ef þeirra verður krafist.

Sérstakar skyldur

(131) Fram til þess tíma eða lánssamningur þessi fellur úr gildi eða sagt upp og lánið að fullu greitt skuldbindur lántaki sig til:

- Að hafa ávallt fullnægjandi tryggingar rekstrar og eigna. Lántaki skal upplýsa lánveitanda um stöðu rekstrar og leggja fram rekstraráætlanir sé þess óskað.
- Að sjá til þess að ársreikningur lántakanda sé endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.
- Að afhenda lánveitanda, samkvæmt beiðni hans allar frekari opinberar upplýsingar um fjárhagsstöðu lántakanda eða ábyrgðaraðila, þ.m.t. árshlutauppgjör og fjárskuldbindingar.
- Að upplýsa lánveitanda þegar í stað, ef upp koma þær aðstæður, sem tilgreind eru í samningi og leitt geta til uppsagnar / gjaldfellingar.
- Að upplýsa lánveitanda hvenær sem hann óskar um sjóðsstöðu sína.
- Óheimilt er að veita öðrum aðilum veð í eignum fyrirtækisins vegna fjárskuldbindingar nema að fengnu skriflegu leyfi lánveitanda.

Yfirlýsingar lántakanda

(132) Lántakandi lýsir því yfir:

- Að hann hafi staðið lögformlega rétt að öllum þeim ákvörðunum sem nauðsynlegt var að taka af hans hálfu til að skuldbinda sig samkvæmt samningi þessum og uppfylla ákvæði hans og að samningurinn sé því skuldbindandi fyrir hann að öllu leyti.
- Að samningur þessi brjóti ekki í bága við nokkurn samning, sem lántakandi eða dótturfélag, sem hann hefur umráðarétt yfir, eru aðilar að.



- Að hann hafi ekki vitneskju um neinn réttarágreining sem veikt gæti fjárhagsstöðu hans verulega eða hæfi hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningi þessa.
- Að hann hafi látið lánveitanda í té allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að meta fjárhagslega stöðu hans.
- Að engar þær upplýsingar sem fram koma í samningi þessum eða eru í tengslum við efni hans og lántakanda hefur gefið, eru rangar eða ófullnægjandi.

Vanefndar tilvik – vanefndarúrræði

(133) Það telst vanefnd lántakanda á samningi þessum ef:

- Lántaki greiðir ekki á réttum gjalddaga.
- Lántaki brýtur gegn öðrum skuldbindingum í 4. gr. (lánstími) eða 6. gr. (tryggingar) og slíkt samningsbrot varir lengur en 15 daga eftir áskorun lánveitanda um að bæta úr.
- Tekið er fjárnám hjá lántaka, beiðst er nauðungaruppboðs á eignum hans, hann leitar eftir heimild til greiðslustöðvunar, hann leitar eftir nauðasamningum við skuldheimtumenn sína eða eftirgjöf skulda eða krafa kemur fram um að bú lántaka sé tekið til gjaldþrotaskipta.
- Krafa kemur til slita á lántaka.
- Einhverjar upplýsingar lántaka og/eða skyldur sem lántaki hefur tekið á sig samkvæmt samningi þessum hafa reynst rangar, ófullnægjandi eða villandi þegar þær voru gefnar lánveitanda.

(134) Ef vanefndartilvik kemur upp, eins og það er skilgreint í þessari grein, er lánveitanda heimilt með tilkynningu til lántakanda að segja þessum samningi upp fyrirvaralaust og án viðvarana og gjaldfella lánið ásamt áföllnum vöxtum og öðrum greiðslum sem lántaka er skylt að greiða samkvæmt samningi þessum.

(135) Komi til vanefnda af hálfu lántaka á skyldum hans samkvæmt samningnum, skuldbindur hann sig til þess að greiða allan kostnað sem lánveitandi verður fyrir vegna vanefndanna, þar með talinn lögræðikostnað vegna innheimtu á greiðslum höfuðstóls, vaxta og kostnaðar.

Uppsögn og gjaldfelling samningsins

(136) Við eftirtalin skilyrði er lánveitanda heimilt að segja samningi þessum upp og gjaldfella í heild sinni lánið samkvæmt honum með tilkynningu til lántakanda.

- Ef lántakandi vanefnir samninginn eða vanrækir að uppfylla einhverja af skyldum sínum samkvæmt samningi þessum, t.d. sérstakar skyldur sínar samkvæmt 7. gr. (kostnaður lántaka), og sú vanræksla varir í meira en 30 daga eftir að lánveitandi hefur áminnt lántakanda um að framfylgja skyldunni eða að efna samninginn.
- Ef yfirlýsingar lántakanda samkvæmt 8. gr. (sérstakar skyldur) reynast rangar.
- Einhver tilvik koma upp sem tilgreind eru í 9. gr. (yfirlýsingar lántakanda).

Önnur atriði lánsamnings



(137) Önnur atriði lánsamnings þessa eru almenns eðlis og lúta að atriðum eins og tilkynningar sem aðilar senda á milli sín, um ábyrgð á tjóni þegar um er að ræða óviðráðanleg atvik (force major), um fyrirvara lánveitanda um nýtingu réttar samkvæmt samningi þessum og lög og varnarþing félagsins en um samninginn gilda íslensk lög.

6.2 Lánsamningur dags. þann [...]

(138) Helstu atriði lánsamnings eru eftirfarandi.

Samningsaðilar og lánsfjárhæð

(139) Samningsaðilar eru Landsvirkjun og Landsnet sem lánveitendur og OF sem lántaki.

(140) Lántaki lofar að taka að láni og lánveitandi lofar að lána allt að umsaminni lánsfjárhæð sem er að hámarki ISK [...].

(141) Lántaka er óheimilt að taka aftur að láni þá fjárhæð höfuðstóls sem hefur verið endurgreidd, hvort sem er að hluta eða heild.

Ráðstöfun lánsfjárhæðar

(142) Lántaki mun ráðstafa lánsfjárhæðinni í heild til fjármögnunar framkvæmda á árunum 2019 – 2022.

Lánstími

(143) Lánsamningur þessi öðlast gildi við undirritun og skal falla úr gildi án uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila þann [...], að því tilskyldu að lántakandi hafi endurgreitt lánveitanda lánsfjárhæðina að fullu ásamt vöxtum, nema aðilar komi sér skriflega saman um annað.

Ádráttur lánsfjárhæðinnar – ádráttarbeiðni

(144) Lántak er heimilt að draga á lánið tvisvar sinnum á hverju almanaksári, nema lánveitandi samþykki annað, til ársloka 2022.

(145) Hver beiðni um ádrátt skal vera að lágmarki kr. [...].

(146) Ádráttarbeiðni skal berast lánveitanda að minnsta kosti 30 dögum fyrir ádráttardag nema lánveitandi samþykki annað. Ádráttarbeiðni skal berast lánveitanda að minnsta kosti 30 dögum fyrir ádráttardag nema lánveitandi samþykki annað. Ádráttarbeiðni skal vera á því formi sem fram kemur í fylgiskjali 1 við samning þennan.

Vextir – vaxtatímabil – gjalddagi – endurgreiðsla

(147) Lántaki lofar að endurgreiða til lánveitanda [...] af höfuðstól skuldarinnar á hverjum gjalddaga, í fyrsta sinn þann [...] og síðan á [...] mánaða fresti til lokagjalddaga. Eftirstöðvar höfuðstóls skuldarinnar skal lántaki endurgreiða með einni greiðslu á lokagjalddaga. Lokagjalddagi samnings þessa er [...].

(148) Skuldin, eins og hún er á hverjum tíma skal bera [...] % fasta ársvexti frá dagsetningu hvers ádráttar á lánið og reiknast vextir til [...] ár hvert. Lántaki skal greiða vexti af uppfærðum höfuðstól fyrst þann [...] og á [...] fresti eftir það. Við útreikning vaxta skulu taldir 30 dagar í hverjum mánuði og 360 dagar í ári (30/360).



(149) Gjald dagar vaxtagreiðslna skulu vera þeir sömu og gjald dagar afborgana höfuðstóls.

(150) Lántaka er heimilt að greiða aukalega inn á skuldina á gjalddögum afborgana höfuðstóls, þó í fyrsta sinn á gjalddaga ársins [...].

(151) Umframgreiðslur skulu vera í kr. [...] einingum nema lánveitandi samþykki annað.

(152) Beri gjalddaga ekki upp á virkan bankadag færast gjalddagi yfir á næsta virka bankadag þar á eftir, nema sá dagur sé í næsta mánuði, en þá skal gjalddagi færast á næsta virka bankadag á undan.

(153) Komi til vanefnda af hálfu lántaka á skyldum hans samkvæmt samningnum, skuldbindur lántakandi sig til þess að greiða lánveitanda, auk höfuðstóls, áfallna vexti og hæstu leyfilega dráttarvexti skv. lögum nr. 38/2001, sem og allan kostnað lánveitanda af innheimtunni, þar með talið hvers konar innheimtu- og málskostnað.

Tryggingar

(154) Lánið er án trygginga.

Kostnaður lántaka

(155) Lántaki skal greiða kostnað af skjalagerð svo og kostnað sem lánveitandi kann að þurfa að greiða vegna lánsins samkvæmt gjaldskrá viðskiptabanka lánveitanda, svo sem tilkynningar- og greiðslugjald, millifærslukostnað og annan viðskiptakostnað.

(156) Lánveitandi skal greiða öll opinber gjöld eða skatta sem lögð kunna að verða á samninginn, greiðslur samkvæmt honum eða vaxtatekjur, lánveitanda að skaðlausu, þar með talin stimpilgjöld, ef þeirra verður krafist.

Sérstakar skyldur

(157) Fram til þess tíma eða lánsamningur þessi fellur úr gildi eða sagt upp og lánið að fullu greitt skuldbindur lántaki sig til:

- Að hafa ávallt fullnægjandi tryggingar rekstrar og eigna. Lántaki skal upplýsa lánveitanda um stöðu rekstrar og leggja fram rekstraráætlanir sé þess óskað.
- Að sjá til þess að ársreikningur lántakanda sé endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.
- Að afhenda lánveitanda, samkvæmt beiðni hans allar frekari opinberar upplýsingar um fjárhagsstöðu lántakanda eða ábyrgðaraðila, þ.m.t. árshlutauppgjör og fjárskuldbindingar.
- Að upplýsa lánveitanda þegar í stað, ef upp koma þær aðstæður, sem tilgreind eru í samningi og leitt geta til uppsagnar / gjaldfellingar.
- Að upplýsa lánveitanda hvenær sem hann óskar um sjóðsstöðu sína.
- Óheimilt er að veita öðrum aðilum veð í eignum fyrirtækisins vegna fjárskuldbindingar nema að fengnu skriflegu leyfi lánveitanda.

Yfirlýsingar lántakanda

(158) Lántakandi lýsir því yfir:



- Að hann hafi staðið lögformlega rétt að öllum þeim ákvörðunum sem nauðsynlegt var að taka af hans hálfu til að skuldbinda sig samkvæmt samningi þessum og uppfylla ákvæði hans og að samningurinn sé því skuldbindandi fyrir hann að öllu leyti.
- Að samningurinn brjóti ekki í bága við nokkurn samning, sem lántakandi eða dótturfélög, sem hann hefur umráðarétt yfir, eru aðilar að.
- Að hann hafi ekki vitneskju um neinn réttarágreining sem veikt gæti fjárhagsstöðu hans verulega eða hæfi hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningi þessa.
- Að hann hafi látið lánveitanda í té allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að meta fjárhagslega stöðu hans.
- Að engar þær upplýsingar sem fram koma í samningnum eða eru í tengslum við efni hans og lántakanda hefur gefið, eru rangar eða ófullnægjandi.

Vanefndar tilvik – vanefndarúrræði

(159) Það telst vanefnd lántakanda á samningnum ef:

- Lántaki greiðir ekki á réttum gjalddaga.
- Lántaki brýtur gegn öðrum skuldbindingum í 6. gr. (vextir- vaxtatímabil-gjalddagi-endurgreiðsla) eða 8. gr. (kostnaður lántakanda) og slíkt samningsbrot varir lengur en 15 daga eftir áskorun lánveitanda um að bæta úr.
- Tekið er fjárnám hjá lántaka, beiðst er nauðungaruppboðs á eignum hans, hann leitar eftir heimild til greiðslustöðvunar, hann leitar eftir nauðasamningum við skuldheimtumenn sína eða eftirgjöf skulda eða krafa kemur fram um að bú lántaka sé tekið til gjaldþrotaskipta.
- Krafa kemur til slita á lántaka.
- Einhverjar upplýsingar lántaka og/eða skyldur sem lántaki hefur tekið á sig samkvæmt samningnum hafa reynst rangar, ófullnægjandi eða villandi þegar þær voru gefnar lánveitanda.

(160) Ef vanefndartilvik kemur upp, eins og það er skilgreint í þessari grein, er lánveitanda heimilt með tilkynningu til lántakanda að segja þessum samningi upp fyrirvaralaust og án viðvarana og gjaldfella lánið ásamt áföllnum vöxtum og öðrum greiðslum sem lántaka er skylt að greiða samkvæmt samningnum.

(161) Komi til vanefnda af hálfu lántaka á skyldum hans samkvæmt samningnum, skuldbindur hann sig til þess að greiða allan kostnað sem lánveitandi verður fyrir vegna vanefndanna, þar með talinn lögræðikostnað vegna innheimtu á greiðslum höfuðstóls, vaxta og kostnaðar.

Uppsögn og gjaldfelling samningsins

(162) Við eftirtalin skilyrði er lánveitanda heimilt að segja samningnum upp og gjaldfella í heild sinni lánið samkvæmt honum með tilkynningu til lántakanda.

- Ef lántakandi vanefnir samninginn eða vanrækir að uppfylla einhverja af skyldum sínum samkvæmt samningnum, t.d. sérstakar skyldur sínar samkvæmt 9. gr. (sérstakar



skyldur), og sú vanræksla varir í meira en 30 daga eftir að lánveitandi hefur áminnt lántakanda um að framfylgja skyldunni eða að efna samninginn.

- Ef yfirlýsingar lántakanda samkvæmt 10. gr. (yfirlýsingar lántakanda) reynast rangar.
- Einhver tilvik koma upp sem tilgreind eru í 9. gr. (sérstakar skyldur).
- [...].

Önnur atriði lánsamnings

(163) Önnur atriði lánsamningsins eru almenns eðlis og lúta að atriðum eins og tilkynningar sem aðilar senda á milli sín, um ábyrgð á tjóni þegar um er að ræða óviðráðanleg atvik (force major), um fyrirvara lánveitanda um nýtingu réttar samkvæmt samningnum og lög og varnarþing félagsins en um samninginn gilda íslensk lög.

6.2.1 Fylgiskjal I – Ádráttarbeiðni

(164) Með lánsamningi fylgdi afrit af ádráttarbeiðni OF dags. þann [...] þar sem fyrirtækið óskaði eftir á grundvelli lánsamnings aðila eftir láni með svohljóðandi skilmálum:

- Lántökudagur lánshlutans: [...].
- Fjárhæð [...] ISK.

(165) Lántaki staðfestir að allar upplýsingar, yfirlýsingar og skilmálar sem fram koma í ofangreindum lánsamningi eru réttar við dagsetningu þessarar ádráttarbeiðni og að félagið hefur ekki vanefnt nokkra af skyldum sínum í tengslum við samninginn.

7 Samþykktir Orkufjarskipta

(166) Með tölvupósti 31. janúar 2023 óskaði FST eftir afriti af samþykktum OF sem barst stofnuninni þann 23. febrúar 2023 og eru helstu atriði samþykpta félagsins eftirfarandi.

(167) Í kaflanum nafn, heimili, varnarþing og tilgangur kemur fram að nafn félagsins er Orkufjarskipti hf. og er heimili þess og varnarþing að Krókhálsi 5c, 110 Reykjavík. Tilgangur félagsins er að eiga og reka öryggisfjarskiptakerfi sem hluthöfunum er nauðsynlegt vegna rekstur á landsvísu og leigja aðgang að því eftir því sem tök eru á og lög heimila.

(168) Í kaflanum hlutafé félagsins og hlutaskrá kemur fram að hlutafé félagsins er kr. 266.666.667 og skiptast hlutir í það margfeldi einnar krónu, sem hluthafar eiga í félaginu á hverjum tíma. Skipting hlutabréfa í aðrar einingar er þó heimil með samþykki stjórnar.

(169) Hluthöfum er óheimilt að framselja hlut sinn í félaginu nema hann hafi áður verið boðinn hlutafélaginu sjálfu og að því frágengnu öðrum hluthöfum til kaups. Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt að fölum hlutum fyrir félagsins hönd, en hluthafar að því frágengnu í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Ef ágreiningur er um verð hlutanna skal skera úr með mati dómkvaddra manna. Óheimilt er að veðsetja hluti í félaginu, án samþykkis félagsstjórnar.



(170) Forkaupsréttarhafi skal beita forkaupsrétti sínum innan tveggja vikna frá dagsetningu tilkynningar stjórnar um tilboð ætli hann sér að nýta rétt sinn. Þá mega eigi líða fleiri en þrjú mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt.

(171) Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutfjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Tillaga um hlutfjárhækkun skal liggja frammi til athugunar fyrir hluthafa fyrir hluthafafundinn.

(172) Í kaflanum um hluthafafundi kemur fram að hluthafafundur er lögmætur ef hann sækja hluthafar sem hafa yfir að ráða meira en helmingi (50%) hlutfjár alls félagsins. Einfaldur atkvæðameirihluti ræður úrslitum á hluthafafundum í öllum almennum málum.

(173) Ákvörðun um slit félagsins eða samruna við önnur félög skal tekin af hluthöfum sem ráða yfir að minnsta tveimur þriðju (2/3) hlutum af heildarhlutafé félagsins. Samþykki allra hluthafa þarf til að ráða til lykta málefnum þeim, sem um ræðir í 94. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

(174) Í kaflanum um félagsstjórn og framkvæmdastjórn kemur fram að stjórn félagsins skipa 4 menn og tveir til vara.

(175) Í köflum er varða endurskoðun, ársreikning og arðsúthlutun og varasjóð kemur fram að á aðalfundi skuli kjósa einn löggiltan endurskoðanda til eins árs og reikningsár félagsins er almanaksárið.

(176) Aðalfundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs og greiðslur í varasjóð að fenginni tillögu stjórnar um ráðstöfun ágóðans.

(177) Í kaflanum um breytingar á samþykktum kemur fram að samþykktum þessu má breyta á lögmætum aðalfundi eða öðrum hluthafafundi með atkvæðum hluthafa, sem ráða yfir tveimur þriðju (2/3) hlutum hið minnsta af því hlutafé í félaginu, sem mætt er fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum félagsins eða landslögum.

(178) Í kaflanum um samruna kemur fram að um samruna félagsins við annað félag eða önnur félög skal fara samkvæmt XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hluthafafélög og samþykktum þessum um atkvæðamagn.

(179) Í kaflanum um félagsslit kemur fram að um félagsslit skal fara samkvæmt XIII. kafla laga nr. 2/1995 um hluthafafélög og samþykktum um atkvæðamagn.

(180) Samþykktirnar eru samþykktar á hluthafafundi þann 25. nóvember 2021. Þær koma í staðinn fyrir eldri samþykktir Fjarska ehf., dags. 10. október 2000, breytt 3. apríl 2001, 5. júní 2002, 20. febrúar 2004, 8. maí 2007, 12. desember 2011 og 4. desember 2020.

8 Breytt eignarhald á Landsneti

(181) Á málsmeðferðartíma FST vegna frumathugunar á framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar innan fyrirtækjasamstæðu Landsvirkjunar átti sér stað breyting á eignarhaldi Landsnets samanber frétt³ á vef Stjórnarráðsins þann 30. desember 2022. Í þeirri frétt kom fram að

³<https://www.stjornarradid.is/default.aspx?pageid=e5cf150d-33a7-11e6-80c7-005056bc217f&newsid=d4329192-8846-11ed-9bb4-005056bc4727>



Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Landsvirkjun, RARIK og Orkubú Vestfjarða höfðu náð samningum um kaup ríkisins á 93,22% eignarhlut fyrirtækjanna í Landsneti hf. Samkvæmt kaupsamningnum greiðir ríkið bókfært verð fyrir eignarhlut þeirra sem nemur um 439 milljónum Bandaríkjadala, eða um 63 milljörðum króna.

(182) Í fréttinni kom einnig fram að Landsnet var stofnað með lögum 2004 og tók til starfa 2005. Landsnet starfar samkvæmt sérleyfi og gegnir mikilvægu hlutverki á raforkumarkaði, en hlutverk félagsins er flutningur raforku og stjórnun raforkukerfisins. Eigendur voru í byrjun Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða. Árið 2007 bættist Orkuveita Reykjavíkur í eigendahópinn og hefur eignarhald verið óbreytt síðan.

(183) Að lokum kom fram að í Orkustefnu til 2050 sem birt var haustið 2020 kemur m.a. fram að hlutlaust eignarhald sé grundvöllur gagnsæis og jafnræðis á raforkumarkaði og því mikilvægt að ljúka eigendaaðskilnaði flutningsfyrirtækisins þannig að það sé í beinni opinberri eigu. Kaup ríkisins grundvallast á þessu sjónarmiði og eru í samræmi við það sem kveðið er á um með nýlegum breytingum á raforkulögum og lögum um stofnun Landsnets.

(184) Að mati FST hefur þessi breyting á eignarhaldi ekki áhrif á frumathugun stofnunarinnar á framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar þar sem eigandi OF er ennþá fyrirtæki sem rekur almenn fjarskiptanet eða veitir almenna fjarskiptaþjónustu og nýtur einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum og skal því halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá slíkri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri um að ræða sbr. 10. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022.

9 Niðurstaða frumathugunar

9.1 Almenn

(185) OF er fjarskiptafyrirtæki sem er í jafnri eigu Landsvirkjunar og Landsnets hf. og er tilgangur félagsins skv. ársreikningi fyrir árið 2021 að eiga og reka öryggisfjarskiptakerfi sem hluthöfum er nauðsynlegt vegna reksturs raforkukerfa þeirra á landsvísu og leigja aðgang að því sem tók eru á og lög heimila.

(186) Samkvæmt ársreikningi Landsvirkjunar fyrir árið 2021 er OF hluti af fyrirtækjasamstæðu Landsvirkjunar og nýtur samstæðan einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum og skal því halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri um að ræða samkvæmt 10. gr. fjarskiptalaga en þar segir að:

„Fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum skulu halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá slíkri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Þess skal gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi. Ákvæði þetta gildir án tillits til markaðsstyrks fyrirtækis.“



(187) FST ákvað því að hefja frumathugun á framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar á fjarskiptastarfsemi innan fyrirtækjasamstæðu Landsvirkjunar og með bréfi dags. þann 17. október 2022 óskaði FST eftir upplýsingum um framkvæmd á fjárhagslegum aðskilnaði OF innan fyrirtækjasamstæðu Landsvirkjunar.

(188) Frumathugun stofnunarinnar fólst í því að afla upplýsinga m.a. um hvernig skipting tekna OF af fjarskiptastarfsemi skiptast á milli Landsvirkjunar og Landsnets og skipting þeirra eftir vöruflokkum. Óskað var eftir upplýsingum um þjónustu sem ótengdir aðilar kaupa af OF, tekjur félagsins af þeirri þjónustu og á hvaða svæðum OF veitir þjónustu til ótengdra aðila sundurliðað niður á tegund þjónustu.

(189) FST óskaði eftir afritum af gildum lánasamningum þar sem fram kæmu upplýsingar um m.a. vaxtakjör, lánstíma og veðsetningar ásamt ákvæðum varðandi uppsögn og gjaldfelling lánasamnings.

(190) Í tengslum við uppbyggingu háhraðaneta sem talið geta notið ríkisstuðnings þá fór FST fram á við OF að félagið myndi afhenda stofnuninni upplýsingar um fjárhæð styrkja sem OF hefur fengið á sl. 10 árum, frá hverjum styrkurinn er og í hvaða tilgangi hann var veittur.

(191) FST óskaði eftir afriti af þjónustusamningi OF við bæði Landsvirkjun og Landsnet ásamt afriti af samþykktum félagsins.

(192) Við frumathugun FST hafði stofnunin einnig til hliðsjónar ársreikning félagsins fyrir árið 2021.

9.2 Gjaldskrá Orkufjarskipta

(193) Á heimasíðu OF er gjaldskrá⁴ félagsins fyrir leigu á ljósleiðurum en þar kemur fram að félaginu sé heimilt að leigja fyrirtækjum með fjarskiptaleyfi frá FST umframforða sinn á ljósleiðarasamböndum. Gjaldskrá OF sem tók gildi þann 1. janúar 2023 var borin saman við gjaldskrá Mílu⁵ og miðast vegalengdir við loftlínu milli tengistaða, leigugjald OF er fyrir ljósleiðaraþræði í streng og skv. gjaldskrá félagsins er verð fyrir 1 þráð pr. km. á mán. í dreifbýli 6.801 kr., 2 þræðir 8.496 kr., 3 þræðir 10.190 kr. og 4 þræðir 11.819 kr. og skal leigugjald greitt fyrirfram fyrir þrjá mánuði í senn.

(194) Sambærileg gjaldskrá hjá Mílu fyrir ljóslínu milli stöðva í dreifbýli einn þráður pr. km. er 7.554 kr. og ljósleiðari milli stöðva í dreifbýli eitt par. pr. km. er 8.869 kr. en Míla býður ekki upp á að leigja fleiri en eitt par.

(195) Sé gjaldskrá Mílu lögð til grundvallar sem nokkurs konar markaðsviðmið er mismunur á gjaldskrám OF og Mílu ekki það mikill, að mati FST, að hægt sé að túlka hann sem niðurgreiðslu af hálfu OF. Einnig ber að hafa í huga að tekjur OF frá ótengdum aðilum eru ekki af þeirri stærð að þær geti raskað samkeppni.

⁴ <https://orkufjarskipti.is/index.php/starfsemin/vidhskiptaskilmalar>

⁵ <https://www.mila.is/vorur/verdskra/ljoslinur-1>



9.3 Afskriftartími ljósleiðara

(196) Afskriftarhlutföll ljósleiðara skv. skýringu nr. 5 í ársreikningi OF fyrir árið 2021 er 3-5% sem er um 20 til 33 ár og gerir FST ekki athugasemd við þann líftíma en líftími ljósleiðara er að lengjast með árunum þar sem meiri vitneskja um rekstur, viðhald og líftíma ljósleiðara byggist upp hjá fjarskiptafyrirtækjum.

9.4 Tekjur frá ótengdum aðilum

(197) FST óskaði eftir upplýsingum frá OF um tekjur frá ótengdum aðilum á árinu 2021, hvaða þjónustu ótengdir aðilar kaupa af félaginu, á hvaða svæðum sú þjónusta er veitt sundurliðað niður á fyrirtæki og tegund þjónustu.

(198) Á árinu 2021 voru tekjur af fjarskiptastarfsemi til ótengdra aðila vegna sölu á umframflutningsgetu um [...] % af tekjum félagsins af fjarskiptaþjónustu og var þjónustan veitt í öllum landsfjórðungum og er aðallega vegna leigu á ljósleiðara án búnaðar (svartur ljósleiðari).

(199) Eins og fram hefur komið þá er OF heimilt samkvæmt raforkulögum að eiga og reka fjarskiptakerfi sem því er nauðsynlegt vegna rekstursins og bjóða út umframflutningsgetu ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða, svo fremi sem að samkeppni sé ekki raskað. Í 10. gr. fjarskiptalaga kemur m.a. fram að þess skal gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi.

(200) Fjárhæð OF af tekjum til ótengdra aðila er að mati FST ekki af þeirri stærðargráðu að þær geti raskað samkeppni ef horft er til stærð efnahags og veltu helstu fyrirtækja sem eru í samkeppni við OF.

9.5 Þjónustusamningur OF við Landsvirkjun og Landsnet

(201) OF gerir þjónustusamning um fjarskiptaþjónustu við bæði Landsvirkjun og Landsnet og skv. samningnum tekur OF að sér veita kaupanda fjarskiptaþjónustu sem félagið afhendir á tengistöðum, reka fjarskiptakerfi fyrir kaupanda og ýmis sérverkefni eins og nánar er lýst í fylgiskjölum með samningnum. Markmið með samningnum er að tryggja afhendingu öruggar fjarskiptaþjónustu til orkustýringar og ljósleiðarasambönd á sem hagkvæmastan hátt.

(202) Að mati FST er samningur um fjarskiptaþjónustu milli OF við Landsvirkjun og Landsnet ítarlegur og vel framsettur. Í samningnum koma fram með skýrum hætti þau réttindi og skyldur sem ríkja milli kaupanda og seljanda á fjarskiptaþjónustu og má þar nefna t.d. þjónustumarkmið, umfang þjónustu, stjórn- og varnarbúnaður raforkukerfisins, framlag kaupanda, greiðslur og veðsetningar.

(203) Um er að ræða fastan samning vegna byggingar nýrra fjarskiptakerfa um aðgang að ljósleiðara sem gildir í 25 ár og 10 ár vegna búnaðar. Að mati FST er um samning til margra ára að ræða en samningstíminn er bundinn við líftíma ljósleiðara og búnaðar. Hafa þarf samt í huga að fjárfesting og uppbygging á öryggisfjarskiptakerfi OF er bundin við staðsetningu



mannvirkja eiganda félagsins og miðast við notkun og þarfir þeirra á fjarskiptaþjónustu að þá gerir stofnunin ekki athugasemd við gildistíma samninga við Landsvirkjun og Landsnet.

(204) Í frumathugun FST á þjónustusamningi um fjarskiptaþjónustu kom hins vegar í ljós við skoðun á samningnum að í fylgiskjali III sem fjallar um aðstöðu á tengistað kemur fram að kaupandi, þ.e. Landsvirkjun eða Landsnet taki ekki gjald fyrir aðstöðu, raffæðingu né raforkunotkun.

(205) Að mati FST samrýmist slíkt fyrirkomulag ekki 10. gr. fjarskiptalaga þar sem segir að fyrirtæki skuli halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Fjarskiptafyrirtæki greiða fyrir aðstöðu á fjarskiptastöðum fyrir sinn búnað og tekur þá leiguverð mið af stærð leigupláss fyrir fjarskiptabúnað og raforkunotkun.

(206) Hafa þarf samt í huga varðandi aðstöðuleigu að í tilfalli Landsvirkjunar og Landsnets þá er ekki um að ræða sérstaka fjarskiptastaði sem félögin hafa byggt upp eins og á við um önnur fjarskiptafyrirtæki heldur er um að ræða aðstöðu sem félögin hafa yfir að ráða og næg aðstaða er innanhúss fyrir fjarskiptabúnað. Staðsetning fjarskiptastaða er einnig bundin við mannvirki þessara fyrirtækja og getur gjaldskrá fyrir aðstöðuleigu því tekið mið af þessum þáttum.

(207) Það er því álit FST eftir yfirferð stofnunarinnar á samningnum að hann endurspeglar viðskiptasamband milli óskyldra aðila í samræmi við 10. gr. fjarskiptalaga að þeirri undantekningu að kaupandi taki ekki gjald fyrir aðstöðu, raffæðingu né raforkunotkun.

9.6 Langtímafjármögnun

(208) Framkvæmd á fjárhagslegum aðskilnaði skal vera með þeim hætti að fjarskiptastarfsemi skal vera fjárhagslega aðskilin eins og um óskyld fyrirtæki væri um að ræða. Fjármögnun félaga og fjármagnsskipan er mikilvægur hluti af athugun FST við framkvæmd á fjárhagslegum aðskilnaði. Langtímaskuldir OF eru að öllu leyti við tengda aðila og því fór FST fram á að OF afhenti stofnuninni afrit af gildandi lánsamningum félagsins til að afla upplýsinga er lúta að fjármögnun fjárfestinga á öryggisfjarskiptakerfum vegna reksturs raforkukerfa.

(209) Lánsamningar milli lánveitanda og lántaka varpa ljósi á ýmis atriði sem eru nauðsynleg fyrir FST til að geta greint hvort að um mögulega niðurgreiðslu sé að ræða í starfsemi fyrirtækja frá einkaréttarvarinni starfsemi.

(210) Í lánsamningum OF koma fram upplýsingar er varða lán milli OF og tengdra aðila sem komu til skoðunar hjá FST og má þá þar á meðal nefna skilyrði er varða ráðstöfun lánsins, lánstíma, gjalddaga, vaxtakjör, vísitölu sem skuldin er bundin við. Um veðsetningar ef um slíkt er að ræða ásamt sérstakar skyldur sem lántaki skuldbindur sig til að uppfylla, yfirlýsingar lántaka, vanefndartilvik og vanefndarúrræði ásamt uppsögn og gjaldfelling samnings.

(211) Við yfirferð FST á lánsamningum OF við Landsvirkjun og Landsnet varð stofnunin ekki áskynja um atriði eða ákvæði í lánsamningum sem brjóta í bága við 10. gr. fjarskiptalaga og samrýmast ekki lánsamningum milli óskyldra aðila.



9.7 Hagkvæm uppbygging háhraðaneta

(212) Við upphaf á frumathugun FST upplýsti stofnunin OF að við framkvæmd félagsins á fjárhagslegum aðskilnaði, samkvæmt 10. gr. fjarskiptalaga, gæti líka varpað ljósi á hvort félagið starfi að öllu leyti á markaðsforsendum, t.d. hvað varðar lánsfjármögnun uppbyggingarverkefna, eða verði talið njóta ríkisstuðnings að einhverju marki. Slíkt kann að hafa þýðingu varðandi stöðu félagsins m.t.t. 8. gr. laga nr. 125/2019 um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingu á háhraðanetum, en ákvæðið fjallar um samhæfingu mannvirkjagerðar. Skoðun FST á ofangreindum gögnum tæki því einnig til þessa álitaefnis.

(213) FST óskaði því eftir upplýsingum frá OF um fjárhæð styrkja sem félagið hefði fengið á sl. 10 árum í tengslum við uppbyggingu á fjarskiptakerfum, frá hverjum styrkurinn var og í hvaða tilgangi hann var veittur.

(214) Að því er varðar mat á stöðu OF m.t.t. 8. gr. laga nr. 125/2019 um hagkvæma uppbyggingu háhraðaneta, en ákvæðið fjallar um samhæfingu mannvirkjagerðar, að þá telur FST að niðurstaða frumathugunar þessarar gefi ekki tilefni til að fjalla nánar um möguleg álitaefni þar að lútandi. Komi hins vegar til þess, á síðari stigum, að FST þurfi að taka afstöðu til þess hvort að framkvæmdir á vegum OF falli undir umrætt lagaákvæði, t.d. samkvæmt kröfu frá þriðja aðila, að þá mun stofnunin, a.m.k. að hluta til, byggja rannsókn sína á niðurstöðu þessarar frumathugunar og þeim gögnum sem aflað var í tengslum við hana.

9.8 Niðurstaða og úrbætur

(215) Að mati FST hefur OF veitt stofnuninni þær upplýsingar, gögn og skýringar sem FST telur nauðsynleg við frumathugun stofnunarinnar við framkvæmd á fjárhagslegum aðskilnaði OF innan fyrirtækjasamstæðu Landsvirkjunar.

(216) Niðurstaða frumathugunar FST bendir ekki til þess að tilefni sé til að stofnunin kanni með ítarlegri hætti framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar OF innan fyrirtækjasamstæðu Landsvirkjunar en FST gerir athugasemd við þjónustusamning um fjarskiptaþjónustu þar sem fram kemur í fylgiskjali III um aðstöðu á tengistað að kaupandi taki ekki gjald fyrir aðstöðu, raffæðingu né raforkunotkun.

(217) Drög að niðurstöðu frumathugunar FST var send til OF með tölvupósti þann 5. júlí 2023 þar sem félaginu var gefinn kostur á að tjá sig um efni skýrslunnar og var frestur veittur til 21. ágúst 2023, til að koma á framfæri við FST mögulegum athugasemdum og upplýsa hvort fallist verði á gerð úrbóta í samræmi við frumniðurstöðu stofnunarinnar.

(218) FST barst svar frá OF með bréfi dags. 23. ágúst 2023 þar sem fram kom að félagið gerir engar athugasemdir við niðurstöðu frumathugunar FST og fellst á að framkvæma það úrbótaratriði sem fjallað var um í skýrslunni. Samkvæmt svari OF mun félagið gera breytingar til úrbóta fyrir n.k. áramót í samræmi við niðurstöðu frumathugunar FST þ.e. að kaupandi þurfi að taka gjald fyrir aðstöðu á tengistað, raffæðingu og raforkunotkun.

Fjarskiptastofa, 30. ágúst 2023